

Nd.

400. Frumvarp til laga

[197. mál]

um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir, nr. 23 27. apríl 1959.

Flm.: Jónas Pétursson, Björn Pálsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fram fara rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé, sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun, ef um það er að ræða.

Böðun skal fara fram á tímabilinu 1. nóv. til 1. maí annað hvert ár, ef ekki er um kláða að ræða.

Eigendur eða umráðendur sauðfjár skulu hafa nothæfan útbúnað til böðunar eða greiða þann kostnað, sem af hæfum útbúnaði leiðir. Þeir skulu einnig sjá fyrir nægum vinnukrafti, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og þannig, að viðhlítandi sé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, hefur þá eina breytingu í för með sér, að böðun skal lokið fyrir 1. maí í staðinn fyrir 1. marz. Flest fjárhús eru byggð þannig, að veggir eru úr steini og þök úr bárujárn. Þau eru því mjög köld, þegar mikil frost eru. Óhagkvæmt er því og jafnvel ekki hættulaust að baða þann tíma vetrar, sem frost eru mest. Venjulega er sá tími janúar og febrúar. Vegna fjárins er sennilega bezt að baða að haustinu eða áður en vetrarfrost byrja, en því verður tæpast við komið. Sauðfjárslátrun stendur þá yfir og fjárheimtur misjafnar. Sé veðráttu mild í nóvember og desember, er fé víðast hvar látið liggja úti. Sé baðað á því tímabili, vantar vanalega eitthvað af fé, sem verður þá endanlega óbaðað. Oft getur því verið hagkvæmt að baða í marz eða apríl. Veðráttu er þá undantekningarlítið farin að hlýna, auðveldara er að ná í vatn, birtutími er lengri, svo að hægara er að framkvæma verkið. Bændur fá meiri ull af fé sínu, ef baðað er á þeim tíma, en fyrri hluta vetrar, því að kindur týna þá síður ull. Samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem nú eru í gildi, er raunverulega bannað að baða þá mánuði ársins, sem stundum getur verið hagkvæmast að baða. Við viljum, að þeim ákvæðum sé breytt. Þessi atriði hafa verið rædd við yfirdýralækni og búnaðarmálastjóra, og hefur okkur skilizt á þeim, að þeir álíti þessa breytingu til bóta.